Viðmót í polyester

— um sýningu Þorbjargar Pálsdóttur

Fyrir nokkru stóð yfir sýning að Kjarvalsstöðum á verkum eftir Þorbjörgu Pálsdóttur. Það er ávallt athyglisvert þegar hin fámenna stétt myndhöggvara (ca 10 manns hér á landi) gefur listunnendum tækifæri til að kynnast listframleiðslu sinni og þá sérstaklega listamenn eins og Þorbjörg Pálsdóttir sem hefur nokkra sérstöðu meðal íslenskra myndhöggvara, en hún einbeitir sér að manninum sem hún mótar einkum í polyester.

Barnaleikvöllur

Hér á nýlokinni sýningu að Kjarvalsstöðum setti listakonan á svið barnaleikvöll. Hún sýndi einvörðungu myndir af börnum. En þetta voru þó ekki nein ákveðin börn, heldur börn í þriðju persónu: andlitslaus börn, sem þannig skópu ákveðna fjarlægð við áhorfendur. Við kynntumst þeim því einungis í gegnum hegðan þeirra, viðmót og athafnir, sem voru undirstrikaðar með raunverulegum hlutum, eins og t.d. fötu, dós o.s.frv.

Í þessum verkum kemur greinilega fram hjá listakonunni mikið næmi fyrir samspili og viðmóti barna, sem við fyrstu sýn virðast „yfirborðskennd" og minna einna helst á hversdagslegar „þriðju persónur" eftir G. Segal eða fígúrur eftir Ed Kienholz frá 7. áratugnum.


Symbolismi

En þegar betur er að gáð komumst við að því að „börnin" eru hol að innan. Við þessa uppgötvun flyst verkið frá raunveruleikanum yfir á táknrænna svið og öðlast um leið dýpri og margræðari lestur: um upphaf og örlög einstaklingsins. Myndirnar fá dramatískara inntak sem auðveldlega getur breyst í hrylling í huga áhorfandans.


Forsendan fyrir þessu táknræna og dramatíska inntaki er því formræn. Hún liggur í því hvernig listakonan umbreytir og vinnur úr formi líkamans. En miðað við fyrri verk, eins t.d. Kristsmyndina er sýnd var á kirkjulistarsýningunni, er greinilegt að listakonan er nú í þessum „barnamyndum" mun hæverskari í meðhöndlun formsins. Það er sem listakonan hafi hér snúið sér að mun natúralískari vinnubrögðum, sem lýsir vel hinni barnslegu hegðan.

Jafnvægið

Í heild fjallar list Þorbjargar um jafnvægið milli hins raunverulega og hins táknræna, sem áður er lýst. En hér á sýningunni er sem skorti þetta



Á leið á heimsendahæð, hæð 99 cm, vír, polyester.



Britta og vinur, hæð 68 cm, vír, polyester.

GBK



Gary Burton.

GARY BURTON

Tónleikar Kvartetts Gary Burtons í Íslensku óperunni á vegum Jazzvakningar 10. maí.

Nú setti Jazzvakning aldeilis í feitt, að fá hingað til lands víbrafónleikarann Gary Burton. Það þarf víst ekki að tíunda afrek kappans. Nægir að nefna að hann hefur einokað efsta sæti vinsældalista tímaritsins þekkta, Down Beat, um langt árabil. Og Gary Burton hefur ekki óverðskuldað öðlast þá viðurkenningu sem hann hefur hlotið.

Samt er það svo að þótt maðurinn sé virtur og þekktur í hópi jassunnenda þá nýtur hann ekki hylli á borð við trúða poppsins og nokkra útvalda jassguði. En oft virðist hending ráða hverjir detta í lukkupottinn og geta þaðan í frá laðað til sín tónleikagesti líkt og fífill hunangsflugu. Þótti því ekki hættandi á að fá kappann hingað til lands án opinberrar aðstoðar, það er að segja utanríkisþjónustu Bandaríkjanna. Þættu það líkast til helgispjöll ef því opinbera í okkar mikla músíklandi yrði á að styðja við bakið á jassi öðruvísi en óbeint og þá oftast nær óvart. Ber því að þakka þeirri framsýnu menningarstofnun, sem eitt sinn sá Sinfóníuhljómsveitinni fyrir misjöfnum stjórnendum en gerir okkur nú kleift að hlýða á Gary Burton í eigin persónu.

Einvalalið

Ekki þarf að hafa langt mál um snilli Gary Burtons og félaga hans. Nægir að nefna hans frábæru tækni og skýru framsetningu. Það kom mér hins vegar mest á óvart hversu vel kappinn er heima í gömlum fræðum, eins og hinum gömlu kirkjutónum og pólýfóníu. Einleikskviður hans minna stundum á heila Ganellanhljómsveit. Meðspilarar hans eru hver öðrum betri. Frábær saxófónleikur og sérstæður leikur á rafmagnsbassa vekja athygli. Og ekki var ónýtt að trommuleikarinn Mike Hyman skyldi gista land okkar í þriðja sinn. Ungur, meira að segja mjög ungur, kom hann með McNeill. Örlítið eldri og mun þroskaðri með Getz og svo nú, enn bráðungur en fullþroska jassleikari, með Burton. Semsé, valinn maður í hverju rúmi og tónleikarnir hreint afbragð.

EM


Anna Áslaug hjá Musica Nova

Tónleikar Musica Nova á Kjarvalsstöðum 8. maí. Flytjandi: Anna Áslaug Ragnarsdóttir pianóleikari. Efnisskrá: Erik Satie: Gnossiennes nr. 3,5 og 4; Olivier Messiaen: Le Traquet Rieur; Luciano Berio: Rounds: Karlheinz Stockhausen: Klavierstück IX; Hjálmar H. Ragnarsson: Prelúdíur; Franz Liszt: La lugubre gondola I og II, Bagatelle sans tonalitè, Nuage gris, Unstern, IV Mefistovals.

Á tónleikum Musica Nova hafa flytjendur gjarnan verið margir og komið með verkin sitt úr hverri áttinni eftir því sem tilefni gáfust. Þótt nafnið á félagsskapnum þýði ný músík, hefur músíkin ekki alltaf verið glæný sem leikin hefur verið á hans vegum. Þó held ég að hún eigi jafnan erindi við áheyrendur og oftast hefur hún ekki verið leikin á tónleikum hér áður og því sem slík ný.

Efnisskrá Önnu Áslaugar Ragnarsdóttur spannaði yfir „ný verk", allt frá seinni hluta nítjándu aldar og fram til líðandi stundar. Ný verk þó samin hafi verið fyrir hartnær öld, því að í þeim kvað við nýjan tón á sínum tíma og þau hafa haldið nýjabruminu allt fram á þennan dag.

Satie er alltaf nýr og ferskur og kitlar þægilega í manni taugarnar hversu oft sem maður heyrir hans smellnu verk. Yfirbragð efnisskrárinnar var annars mestan part þunglamalegt og á köflum afar þunglyndislegt. Mótun leiks verður að vera afar skýr undir þeim kringumstæðum. Og upp á það var sannarlega ekki að klaga hjá Önnu Áslaugu. Leikur hennar á Klavierstück IX, sem öðrum þræði er hrein stúdía í dynamik, var til dæmis frábær.



Anna Áslaug Ragnarsdóttir pianóleikari.

Eitt verk frumflutti Anna Áslaug, Prelúdíur, eftir bróður sinn, Hjálmar Helga. Prelúdíurnar munu eiga að verða fimm, en hér voru leiknar sú fyrsta, þriðja og fimmta. Það mun hafa orðið til þess að áheyrendur fengu ranga mynd af verkinu, því kaflarnir sem ekki eru tilbúnir munu vera hinir fjörmeiri. En hvað um það, Prelúdíur Hjálmars Helga sómdu sér vel meðal verka annarra snjallra tónsmiða. Svo lauk Anna Áslaug þessum tónleikum með efri ára verkum Liszt og skilaði þeim til áheyrenda með jafn þróttmiklum leik og hinum fyrri verkum.

Tónlist

Eyjólfur Melsted

Stórkostlegur Liszt-flutningur í Þjóðleikhúsinu

Tónleikar Martins Berkofskys í Þjóðleikhúsinu 9. maí á vegum Listhúss hf. Efnisskrá: Franz Liszt: La Vallée d'Obermann, Desk, Deux Legendes, Sonata í h-moll.

Það telst til meiriháttar tíðinda nú orðið ef pianisti leikur tónleika með verkum Liszt á efnisskránni eingöngu. Bæði er það að vart er á færi nema bráðsnjallra pianista að leika þann leik og svo afgreiðir hin miskunnarlausa tíska slíka samsetningu með rothöggi.

Hér úti á Íslandi þykir samt ekkert tiltökumál að bjóða tískunni birginn. Tónleikagestir hér eru sem betur fer ekki jafnfast njörvaðir við hugmyndir viðskiptastefnunnar í þessum sökum og víðast hvar annars staðar.

Kraftaverk

Mikið hefur verið rætt um endurkomu Martins Berkofskys á tónleikapall. Eins og alkunna er lenti hann í alvarlegu slysi og hugðu flestir, þegar af fréttist að menn myndu ekki hlýða á leik hans meir. Sjálfsagt er að kalla rétta meðferð og árangursríka endurhæfingu kraftaverk, en frá og með tónleikum Berkofskys í Þjóðleikhúsinu heyrir sá þáttur á ferli listamannsins liðinni tíð. Hinn miskunnarlausa heim alþjóðlegs tónleikahalds varðar ekkert frekar um það hvort maðurinn er nýstaðinn upp úr sjöföldu handleggsbroti eða flensu. Kröfurnar eru þær að hann flytji sína kúnst, hvernig sem ásigkomulag hans annars kann að vera.

Eitthvað varð undan að láta

Ekki varð heldur greind á leik Martins Berkofskys nein breyting frá því sem áður var. Hann býr yfir fítonskrafti, svo miklum að hljóðfæri stofnunarinnar, sem líkast til fær of sjaldan að kenna hressilegra átaka, hélt ekki stillingu sinni. Átökin segja sína sögu, en fleira þarf til en kraftana.

Tæknilegt öryggi, þor og hamsleysi í túlkun gerði það að verkum að menn fengu að hlýða á stórkostlegan Liszt-flutning í Þjóðleikhúsinu. Velkominn aftur á tónleikapall, Martin Berkofsky.

EM